

Sp.

93. Tillaga til þingsályktunar

[91. mál]

um mótmæli gegn hvalveiðibanni.

Flm.: Eiður Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algjört bann við hvalveiðum frá og með árinu 1986.

Greinargerð.

Síðastliðið sumar samþykkti Alþjóðahvalveiðiráðið að algjört bann við hvalveiðum skuli taka gildi frá og með árinu 1986. Fjölmargar þjóðir, sem þetta bann snertir, hafa þegar komið mótmælum á framfæri við ráðið. Það hafa Íslendingar enn ekki gert. Flutningsmaður þessarar tillögu telur, að ríkisstjórnin eigi nú þegar að koma mótmælum á framfæri við Alþjóðahvalveiðiráðið. Því er þessi tillaga flutt. Sé mótmælum Íslendinga ekki komið á framfæri við ráðið fyrir 1. febrúar 1983 er svo litið á sem Íslendingar hafi samþykkt bannið. Mótmæli Íslendingar hins vegar fyrirhuguðu hvalveiðibanni eru þeir óbundnir af samþykkt ráðsins.

Hlutur hvalafurða í útflutningstekjum Íslendinga er meiri á þessu ári en oftast áður. Talið er að verðmæti afurða, sem fluttar verða út eftir hvalvertíðina s. l. sumar, séu um 10 milljónir Bandaríkjadala. Hlutur hvalafurðanna í ár er talinn vera um 1,3% af útflutningstekjum þjóðarinnar.

Við hvalveiðar og vinnslu á vegum Hvals hf. starfa nú hvert sumar um 230 manns. Þar af eru 100 í Hvalstöðinni í Hvalfirði, um 60 á hvalveidiskipunum og um 70 manns við vinnslu í frystihúsi Hvals hf. í Hafnarfirði. Eru þá ótaldir þeir sem annars staðar starfa við hrefnuveiðar og vinnslu og frágang hrefnukjöts. Hrefnuveiðar stunduðu s. l. sumar 8—10 bátar.

Alþjóðahvalveiðiráðið var upphaflega myndað af þjóðum sem stunduðu hvalveiðar og áttu hagsmuna að gæta á þessu sviði. 14 þjóðir undirrituðu samþykktir ráðsins árið 1946. Nú er þetta gjörbreytt þar sem mikilvægi hvalveiða hefur minnkað vegna ofveiði, en jafnframt hefur aðildarþjóðum Alþjóðahvalveiðiráðsins fjölgað mjög og flestar aðildarþjóðir ráðsins hafa enga hagsmuni af hvalveiðum, heldur einbeita sér að því á vettvangi ráðsins að stöðva allar hvalveiðar hvar sem er í veröldinni án tillits til vísindalegra raka.

Hvalveiðar hafa verið stundaðar á vegum Hvals hf. í Hvalfirði í 35 ár. Veiðarnar hafa verið stundaðar undir vísindalegu eftirliti í vaxandi mæli hin síðari ár. Engin vísindaleg rök benda til þess, að þeir hvalastofnar, sem Íslendingar hafa nýtt, séu ofveiddir eða of nærri þeim sé gengið.

Enn fremur skal bent á að hvalveiðarnar eru alfarið stundaðar á íslensku yfirráðasvæði, þ. e. a. s. innan 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Þá vil ég loks vekja athygli á eftirfarandi tillögu, sem samþykkt var samhljóða á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi 5. og 6. nóvember s. l.:

„Hvalveiðibann:

Aðalfundur S. S. V. K., haldinn að Munaðarnesi 5.—6. nóvember 1982, skorar á ríkisstjórnina að mótmæla samþykkt Alþjóðahvalveiðiráðsins um algert hvalveiðibann frá og með árinu 1986. Fundurinn bendir á, að hér er um mikið hagsmunamál að ræða, ekki aðeins fyrir byggðir Vesturlands, heldur þjóðarbúið í heild, enda eru hvalafurðirnar 1.3% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Þá minnir fundurinn á, að Hvalveiðistöðin í Hvalfirði hefur verið rekin í 35 ár með góðri og skynsamlegri stjórnun veiðanna og undir vísindalegu eftirliti. Ósannað er, að hvalastofninn sé að ganga til þurrðar eða að honum sé ógnað með ofveiði.“